

MOME2ME05

Búið til: Tue, 25 Feb 2020 11:09:14 GMT

Titill

Matur og menning

Skammstöfun

MOME2ME05

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

Matur og menning

Viðfangsefni

Matar- og menningarnám

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn felst í matar- og menningarferð til Evrópu. Í undirbúningi ferðarinnar afla nemendur sér fróðleiks um matar- og innkaupahefðir, menningu, sögu og landafræði staðarins sem farið verður til. Nemendur búa til kynningar og fróðleiksmola fyrir vefsíðu sem búin er til fyrir áfangann. Áhersla er lögð á að nemendur fræðist um matar- og menningarsögu landsins. Í ferðinni er unnið með ríkjandi matarhefðir og innkaupavenjur, eldað úr afurðum úr héraði sem og með íbúum, farið í skoðunarferðir á markaði og í fyrirtæki. Nemendur heimsækja sögulega staði og fræðast um sögu og menningu landsins.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Matarhefðum á svæðinu sem heimsótt er
- Hvernig svæðisbundir réttir eru eldaðir og hvaða hráefni eru notuð
- Matarinnkaupum í landinu sem heimsótt er
- Matar- og menningarsögu svæðisins sem heimsótt er
- Að lesa sér til um og taka þátt í að elda rétti af svæðinu
- Grunnþáttum mismunandi hefða og matarmenningar
- Uppruna hráefnis sem notað er
- Að þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- Eigin vinnuframlagi og annarra
- Hvernig á að skipuleggja fjáraflanir og framkvæma þær

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa sér til um matar- og menningarsögu framandi lands á erlendu máli
- Skoða ólíka matarmenningu og ræða
- Taka þátt í samræðum um mismunandi matarmenningu, færa rök fyrir máli sínu og virða skoðanir annarra
- Búa til fróðleiksmola sem birtar verða á heimasíðu áfangans
- Halda dagbók meðan á ferðinni stendur og birta á vefnum

- Lesa uppskriftir, fara eftir þeim og fjalla um megininntak þeirra
- Efla skilning sinn á menningu og matargerð annars lands
- Afla sér upplýsinga um matarinnkaup
- Upplifa, skynja og smakka það sem hann tekur þátt í að framreiða
- Skoða hráefni sem til er í umhverfinu og elda það á nýstárlegan hátt
- Geta unnið saman í teymi og skipt með sér verkum
- Geta sett fram hugmyndir sínar um framandi rétti og brugðist við viðmælendum

Hæfniviðið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá skoðanir sínar og tilfinningar um mat og framandi matarmenningu
- Vera meðvitaður um menningarlegt hlutverk matar
- Sýna nokkurt sjálfstæði við að framreiða mat undir leiðsögn kennara
- Tjá sig um eigin upplifun við framreiðslu matar við aðra viðmælendur með almennri ígrundun og samanburði
- Halda úti dagbók um ferðina með íhugun um mismunandi matarhefðir og menningu svæðisins
- Leysa úr viðfangsefnum í samstarfi við aðra
- Þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- Sýna umburðarlyndi og virðingu gagnvart öðrum menningarheimum
- Meta eigið vinnuframlag

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar

Fyrirmynd